

12. september 2025

Fréttabréf Hrafnagilsskóla



Ég kem í skólann til að **læra** og nýta **hæfileika** mína til fulls!

Kæru foreldrar og forráðamenn.

Þá er haustið farið af stað hér í Hrafnagilsskóla og skólastarfið komið í nokkuð fastar skorður. Það var ánægjulegt að taka á móti nemendum í 1. bekk sem komu tilbúnir til leiks í grunnskóla en hópurinn er einkar áhugasamur og skemmtilegur. Nemendur við skólann eru nú 195 talsins og hefur þeim heldur fjölgað frá fyrra ári.

Það er ánægjulegt að fá leikskólann Krummakot á skólalóðina til okkar í glæsilegt nýtt húsnæði og við hlökkum til áframhaldandi og aukins samstarfs við skólann.

Lestur og lestrarþjálfun

Lestur og læsi eru undirstaða alls náms og eitt af mikilvægustu samstarfsverkefnum heimilis og skóla. Til þess að halda utan um lesturinn og gera samstarfið skilvirkara höfum við tekið upp einfalt og notendavænt smáforrit sem nefnist Læsir. Það gerir fjölskyldum og kennurum kleift að fylgjast með lestri barna og markmiðið er að styðja við daglegar lestrarvenjur og efla áhuga barna á lestri. Með forritinu er auðvelt fyrir foreldra að skrá lestur heima og fylgjast með framvindu barnsins yfir lengri tíma. Það auðveldar samskipti milli heimilis og skóla þar sem kennarar sjá heildarmyndina, bæði af hverjum nemanda og bekkjarins í heild, á meðan fjölskyldur fá skýra mynd af lestrarvenjum barnsins síns og geta betur stutt það í náminu. Læsir leitast við að skapa jákvæða upplifun fyrir börnin þar sem þau sjá árangur sinn vaxa og fá hvatningu til að lesa meira. Það er því mikilvægt að öll heimili tileinki sér þessa nýjung og takist á við verkefnið með jákvæðni og festu.



Í næstu viku hefst lestrarátakið [Svakalega lestrarkeppnin 2025](#) en það er ætlað nemendum í 1. - 7. bekk og stendur yfir frá 15. september til 15. október. Hugmyndin að Svakalegu lestrarkeppninni kviknaði eftir að konur á vegum *List fyrir alla* höfðu í skólaheimsóknnum og sögusmiðjum spjallað við marga krakka sem elska að skrifa sögur og lesa bækur. Tilgangurinn með keppninni er að hvetja alla krakka til að lesa skemmtilegar bækur og efla þannig lestur og lestraráhuga. Umsjónarkennarar í 1. - 7. bekk senda nánari upplýsingar um framkvæmd keppinnar.



Stuðningsfulltrúar

Við skólann starfa átta stuðningsfulltrúar í mismunandi stöðuhlutföllum. Stuðningsfulltrúar starfa með kennurum að því menntunar- og uppeldisstarfi sem fram fer í skólanum. Þeir eru kennurum til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum. Starf þeirra miðar að því að auka færni og sjálfstæði nemenda félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Stuðningsfulltrúar vinna oft eftir áætlunum sem kennarar útbúa í samráði við sérkennara, sálfræðing eða annan ráðgjafa. Þeir aðstoða nemendur við að ná settum markmiðum samkvæmt einstaklingsnámskrá eða undir leiðsögn kennara. Stuðningsfulltrúar bera ekki ábyrgð á kennslu en eru mjög mikilvægir í daglegu starfi bekkja og þekkja börnin yfirleitt mjög vel.

Bundið val á unglingastigi

Ákveðið var að breyta til varðandi skipulag á valgreinum á unglingastigi í vetur. Sex kennslustundir á viku eru ætlaðar í valgreinar, tvær af þeim fara fram utan skólatíma og skólinn metur þær í samvinnu við foreldra og forráðamenn. Tvær kennslustundir nefnast bundið val en þá er nemendum unglingastigs skipt í fimm hópa sem skiptast á að fara á fimm ólíkar stöðvar yfir veturinn. Tvær kennslustundir á viku geta nemendur sjálfir valið á milli fimm mismunandi valgreina.

Nemendur geta nýtt íþróttaiðkun, tónlistarnám, skátastarf, björgunarsveitarstarf og fleira sem valgrein utan skóla. Einnig geta nemendur sem þess óska fengið metna vinnu innan heimilis eða aðstoð við störf sem falla til á heimilum þeirra eins og t.d. að fara í fjós, passa systkini, fara reglulega út að ganga með hund eða regluleg þrif. Foreldrar ásamt kennara og nemanda gera samning um það sem þeir ætla að fá metið í þessar tvær kennslustundir.

Í bundna valinu fara nemendur á eftirfarandi stöðvar:

- Heimilisfræði - kennari: Ingileif.
- Tónlist - kennarar: Silja og Bjarnfríður.
- Sveitasæla - kennarar: Óðinn og Berglind.
- Náms- og starfsfræðsla - kennari: Vilborg.
- Betri líðan - kennari: Ástrós.



Í hefðbundnum valgreinum velja nemendur tvisvar sinnum á önn þar sem hvor önn skiptist í tvær lotur. Þær valgreinar sem eru í boði í vetur eru: Veiðival, jóga, námsaðstoð, listaflug, boltagreinar, skólahreysti og textílmenn.

Sveitasæla

Gaman er að segja frá því að Berglind og Jón Elvar, bændur á Hrafnagili, buðu skólanum samstarf með það að markmiði að tengja skólasamfélagið við nærumhverfið. Ákveðið var að bjóða upp á stöðina Sveitasælu í bundnu vali þar sem lögð er áhersla á að nemendur kynnist landbúnaði og þeim störfum sem tengjast honum.

Viðfangsefni nemenda eru misjöfn eftir árstíðum, veðri og vindum en segja má að nemendur fái að prófa flest störfin á bænum nema þau sem krefjast sérstakra réttinda eins og að vinna á vélum búans. Dæmi um verkefni er að rannsaka egg, koma réttum eggjum í útungun og sinna ungum þegar þeir klekjast úr eggjum. Einnig að merkja rúllur og fela enda, gefa búfénaði hey og kjarnfóður, útbúa hálsólar á kvígur, merkja kálfa og kindur og planta trjá. Auk þess fylgjast nemendur með rúningu, sæðingum, fangskoðun, bólusetningum, heimsóknum dýralækna og ef lukkan leyfir verða einhverjir vitni að burði kúa og kinda.


Við þökkum þeim hjónum einstakan velvilja og samstarf varðandi þetta nýstárlega og skemmtilega verkefni.

Frístund

Frístund er starfrækt í Hrafnagilsskóla. Þar býðst nemendum í 1. – 4. bekk að dvelja eftir skóla frá kl. 14:00 til kl. 16:00.

Börnum sem sækja frístund býðst að taka þátt í íþróttæfingum á vegum U.m.f. Samherja og aðstoðar starfsfólk frístundar þau við að mæta á æfingar. Í frístund er lögð áhersla á frjálsan leik og börnin hafa ákveðið val um hvaða leiksvæði í frístund þau sækja. Starfið er skipulagt með þarfir barnanna í huga og áhersla er á útiveru, áhugahvöt og gleði. Börnin fá miðdegishressingu á milli kl. 14:30 og 15:30.

Starfsfólk frístundar er: Aríel Uni Einvarðsson, Arnór Gauti Kristinsson, Gabriel Lukas Freitas Meira, Marta Þórudóttir og Thelma Rán Brynjarsdóttir.



Á döfinni:

17. september - sameiginleg samverustund í umsjón nemenda í 2. og 9. bekk verður haldin í íþróttahúsinu kl. 8:15.

29. september - foreldrasamtöl.

15. október - frístund lokar kl. 15:00.

16. - 17. október - starfsdagar, frístund er lokuð.

20. - 21. október - vetrarfrí.

24. október - danssýning nemenda í 5. - 10. bekk kl. 13:10 í íþróttahúsinu.

27. - 30. október - nemendur í 7. bekk verða í skólabúðum á Reykjum.

14. nóvember - hátíð í tilefni af Degi íslenskrar tungu í íþróttahúsinu kl. 13:00.



Dyggð septembermánaðar er vinátta.



Með kveðju,
Ása og Björk

Allir hafa hið **góða** í sér og möguleikann til að verða **betri** manneskjur.